

Stjórnarfundur SKÍ

nr. 1665 – 15. ágúst 2024, kl. 15:30 – 17:20 – fjarfundur

Efni fundarins:	Níundi stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
Fundarstjóri:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður.
Fundarritari:	Jónas Egilsson.
Pátttakendur:	Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Jón Egill Sveinsson varaformaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar, Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóbrettanefndar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri.
Fjarverandi:	Hugrún Elvarsdóttir.

Fundur settur kl. 15.35

Fundardagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Ársreikningur SKÍ 2023, drög
3. Fjárhagsáætlanir og verkefni nefnda 2024-2025
4. Landsliðshópar og val 2024-2025 – staða
5. Mótatöflur og önnur verkefni næsta skíðaárs – staða
6. Samstarfssamningar við 66°Norður og Evererst
7. Scandinavian Cup á Íslandi (EÓ)
8. Skíðahús – fundur með borgarstjóra o.fl.
9. Fundir og erlend samskipti
 - Nordic Meeting, Helsinki
 - FIS þing í Portoroz
 - FIS þing í Reykjavík
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1662.

Fundargerðin samþykkt.

2. Ársreikningur SKÍ 2023, drög

Drög að ársreikning 2023 lögð fram. Afgreiðslu frestað til næsta fundar. Samþykkt að senda sundurliðun kostnaðar á einstakar greinar til stjórnarmanna.

3. Fjárhagsáætlanir og verkefni nefnda 2024-2025

Lögð fram drög að sundurliðun á fjárveitingu greina (deilda) út árið almanaksárið 2024. Endanleg afgreiðsla verður á áætluninni þegar nánara uppgjör liggur fyrir og yfirlit um greiðslu skuldbindinga

sambandsins. Einnig var lagt fram yfirlit um áætlaðan kostnað greina frá upphafi síðasta skíðaárs út mars á þessu ári.

Formaður alpagreinaneftndar lagði fram tillögur um kostnað og fyrirkomulag fyrir skíðalandslið í alpagreinum fyrir árið 2024 og út árið 2026. Áætlun fyrir árið 2024 samþykkt, sem er innan ramma framlagðra fjárveitingar fyrir árið. Hann greindi einnig frá því að Fjalar Úlfarsson hefði verið ráðinn þjálfari til að sinna hæfileikamótun í alpagreinum.

4. Landsliðshópar og val 2024-2025 – staða

Endanlegt val liggur ekki fyrir, en unnið er vali í samræmi við valreglur SKÍ.

5. Mótatöflur og önnur verkefni næsta skíðaárs – staða

Unnið er að gerð mótataflna næsta árs og úr umsóknum um mót næsta vetur.

6. Samstarfssamningar við 66°Norður og Evererst

Gerðir hafa verið samstarfssamningar, með fyrirvara um staðfestingu stjórnar, við Sjóklæðagerðina (66°Norður) og Evererst um fatnað og búnað fram yfir næstu Vetrarólympíuleika. Stjórnin staðfestir framlagða samninga.

7. Scandinavian Cup á Íslandi

Einar Ólafsson lagði fram tillögu, með kostnaðaráætlun um Scandinavian Cup í skíðagöngu í Bláfjöllum á næsta ári. Miðað við fyrirbyggjandi drög er hlutdeild SKÍ áætluð um kr. 750.000 vegna verðlauna, auk vinnuframlags afreksstjóra. Samþykkt að ganga fram samkomulagi við mótshaldara um framkvæmd mótsins og hlutdeild SKÍ í undirbúningi þess.

8. Skíðahús – fundur með borgarstjóra o.fl.

Einar Ólafsson og Sigurður Sveinn Nikulásson gerðu grein fyrir fundi sem þeir áttu ásamt fleirum, með borgarstjóra í Reykjavík vegna hugmynda um skíðahús í Úlfarsfelli. Samþykkt að skipa vinnuhóp um framgang málsins. Vinnuhópin skipa: Einar Ólafsson, Sigurður Sveinn Nikulásson, Aðalsteinn Valdimarsson og Brynja Hrönn Þorsteinsdóttir. Stefnt að því að fá vilyrði um lóð undir húsið og starfsemi þess. Nánari upplýsingar verða lagðar fram og kynntar stjórn síðar.

9. Fundir og erlend samskipti

- Nordic Meeting, Helsinki. Einar Ólafsson sækir fundinn fyrir hönd SKÍ.
- FIS þing í Portoroz. Formaður og framkvæmdastjóri sækja fundi FIS.
- FIS þing í Reykjavík. Formaður greindi frá undirbúningi og væntanlegum 100 ára afmælisþingi FIS í Reykjavík í byrjun júní nk.

10. Önnur mál

Engin.

11. Næsti fundur stjórnar

Næsti reglulegur fundur stjórnar verður fimmtudaginn 20. júní nk.

Fundi slitið kl. 17.20.

Jónas Egilsson ritaði fundargerð.